

**Hjúkrunarheimilið Blesastaðir,
Skeiðum**
Niðurstöður úttektar í apríl 2013

Júní 2013

Inngangur

Samkvæmt lögum nr. 41/2007 hefur Embætti landlæknis faglegt eftirlit með starfsemi heilbrigðisstofnana og starfi heilbrigðisstétta. Jafnframt er Landlæknir ráðunautur ráðherra og ríkisstjórnar varðandi heilbrigðismál og undir eftirlit embættisins heyra rúmlega tvö þúsund rekstrareiningar.

Embætti landlæknis notar margvíslegar leiðir til að sinna þessum lagaákvæðum og styðst m.a. við gæðaviðmið Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Með eftirlitsstarfi sínu hefur embættið að leiðarljósi að árangursríkasta leiðin til að bæta gæði og öryggi heilbrigðisþjónustu er að efla samstarf og samráð við stjórnendur og starfsfólk heilbrigðisstofnana.

Aðferðir

Í apríl 2013 gerði Embætti landlæknis úttekt á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Blesastöðum á Skeiðum. Fyrir úttektina var leitað eftir ákveðnum upplýsingum frá forstöðumanni heimilisins um þætti er varða þjónustu, húsnæði og aðbúnað, mannaudsmál, gæðamál, lyfjamál, skráningu, atvik og öryggismál. Spurningalisti var í því skyni sendur á Blesastaði og bárust svör við þeim spurningum um miðjan apríl síðastliðinn. Athugað var hvort kvartanir hefðu borist embættinu varðandi þjónustu heimilisins á síðastliðnu ári en svo reyndist ekki vera. Þá voru niðurstöður úr RAI mati skoðaðar.

Fulltrúar Embættis landlæknis; Anna Björg Aradóttir sviðsstjóri og Laura Sch. Thorsteinsson hjúkrunarfræðingur/verkefnisstjóri fóru í úttektarheimsókn á heimilið þann 23. apríl 2013. Fundað var með Hildi Hermannsdóttur forstöðumanni heimilisins og Gylfa Haraldssyni lækni í Laugarási og farið yfir ýmis gögn sem tengdust úttektinni.

Meginniðurstöður

Notendamiðuð þjónusta – hugmyndafræði og stefna

Hugmyndafræði hjúkrunar- og dvalarheimilisins Blesastaða er, að sögn forstöðumanns, að búa íbúum vistlegt heimili og leitast við að íbúar njóti trúnaðar, trausts og öryggis og haldi virðingu sinni og reisu. Lögð er áhersla á að Blesastaðir er heimili fólks og kapp lagt á að gera umhverfið sem heimilislegast.

Við komu á heimilið fá nýir íbúar og/eða aðstandendur munnlegar upplýsingar um helstu þætti er varða starfsemi og þjónustu heimilisins. Ekki eru haldnir reglulegir fjölskyldufundir á Blesastöðum heldur eftir þörfum hverju sinni. Áhersla er lögð á að hafa sem best samskipti við aðstandendur og gott aðgengi er að forstöðumanni og öðrum starfsmönnum heimilisins.

Þjónustupættir

Hjúkrun og umönnun

Íbúum Blesastaða er tryggð umönnunarþjónusta allan sólarhringinn og ber forstöðumaður, sem er sjúkraliði, ábyrgð á vöktum, ýmist á staðnum eða á bakvakt. Íbúar heimilisins hafa ekki skilgreindan umönnunaraðila enda er heimilið lítið. Ef íbúar þurfa á líknandi meðferð að halda er leitað til Heilbrigðisstofnunar Suðurlands á Selfossi og fólk sent þangað þar sem húsnæði er þröngt og illmögulegt að veita flókna hjúkrunarmeðferð og hjúkrunarfræðingur er aðeins í 10% starfi við heimilið.

Ekki eru til skriflegar leiðbeiningar um líknandi meðferð en við hjúkrun þeirra sem þurfa á þannig meðferð að halda er stuðst við ákveðnar verklagsreglur sem þó eru ekki skriflegar. Að sögn hjúkrunarforstjóra stendur til að útbúa sérstakar leiðbeiningar um líknandi meðferð. Fyrir hendi eru skriflegar upplýsingar fyrir aðstandendur sem bera heitið „Lífslok“.

Læknisþjónusta

Gylfi Haraldsson læknir heilsugæslustöðvarinnar í Laugarási er jafnframt læknir Blesastaða, kemur þangað einu sinni í viku og eftir þörfum og fylgist með heilsufari íbúa heimilisins. Ekki er alltaf gerð sérstök læknisskoðun við komu á heimilið, stuðst er við lækna- og hjúkrunarbréf og upplýsinga um heilsufar aflað hjá íbúa og/eða aðstandanda. Reglulega er fylgst með heilsufari íbúa og ef veruleg breyting verður á ástandi er haft samband við lækni. Starfsmenn heimilisins sjá um að panta tíma og að koma viðkomandi til tannlæknis eftir þörfum og sama á við um aðra sérfræðilæknisþjónustu.

Þjálfun, virkni og sálgæsla

Hvorki er starfandi sjúkraþjálfari né iðjuþjálfari við heimilið og lítil aðstaða til slíkrar þjálfunar. Starfsfólk heimilisins skipuleggur félags- og tómstundastarf og er einhver dagskrá alla virka daga vikunnar. Stólaleikfimi er 2svar í viku undir stjórn starfsmanns viðkomandi vaktar. Lesið er úr dagblöðum daglega og flesta daga einnig lesið upp úr bókum. Að sögn forstöðumanns eru hannyrðir nánast úr sögunni vegna skertrar getu íbúa til þess konar iðju. Ef veður leyfir er farið í gönguferðir með þá íbúa sem geta og vilja. Sjálfboðaliðar koma reglulega í heimsókn á heimilið og stýra söngstund með íbúum. Ekki er um reglulegt messuhald á heimilinu að ræða en sóknarprestur kemur á heimilið í framhaldi af messu í Ólafsvallakirkju og oftast ef þess er óskað.

Fæði/mötuneyti

Sérstakur starfsmaður er ekki starfandi í eldhúsi en starfsmenn heimilisins sjá um matseld til skiptis. Allur matur er eldaður á staðnum og lögð áhersla á að íbúar fái hollan, næringarríkan og góðan heimilismat og þeir íbúar sem á þurfa að halda fá sér fæði. Ef aðstandandi er í heimsókn á matmálstíma er honum boðið að borða með íbúum og aðstandendur og aðrir gestir drekka gjarnan eftirmiðdagskaffi með íbúum. Matseðlar eru aðgengilegir sé þess óskað.

Önnur þjónusta

Íbúar Blesastaða hafa aðgang að hársnyrtingu og fótsnyrtingu. Einkafatnaður íbúa er þveginn á heimilinu sem og annar þvottur fyrir utan rúmfatnað og umfangsmeiri þvott sem er sendur í þvottahús.

Húsnæði og aðbúnaður

Húsnæði Blesastaða er allt á einni hæð og er í góðu standi, vel við haldið, snyrtilegt og vistlegt. Á heimilinu eru átta einbýli og tvö tvíbýli.

Við hlið vaktherbergis er tveggja manna herbergi þar sem þeir íbúar sem eru veikastir dvelja en því herbergi er ekki hægt að loka nema með tjaldi/gardínu. Að mati Embættis landlæknis er ekki boðlegt að íbúar á hjúkrunarheimili geti ekki lokað að sér í eigin vistarverum.

Alls eru skilgreind 4 hjúkrunarrými og 8 dvalarrými á Blesastöðum en nú búa þar 10 einstaklingar, 4 í hjúkrunarrýmum og 6 í dvalarrýmum. Heimilið skiptist í tvær álmur, í annarri álmunni búa sjö einstaklingar og hafa sameiginlegt bað og tvær sturtur. Í þeirri álmunni eru stofa, borðstofa og sólstofa og góður skjólsæll pallur fyrir utan húsið. Í hinni álmunni búa þrjú einstaklingar sem hafa sameiginlega snyrtingu. Þar er einnig stofa búin gamaldags húsgögnum sem er smekklek og hlýleg.

Allir íbúar hafa aðstæður til að hafa hjá sér persónulega muni og húsgögn og geta tekið á móti gestum í eigin vistarverum, setustofu og öðrum sameiginlegum rýmum heimilisins. Fram kom hjá forstöðumanni að íbúar vilja frekar vera í sameiginlegum rýmum heldur en inni hjá sér.

Aðstaða utanhúss er góð, fallegur garður með miklum gróðri og eins og áður sagði skjólsæll pallur sem hægt er að nýta á góðum degi. Þá er heimilishundur á staðnum.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands kemur einu sinni á ári á heimilið og hefur ekki gert neinar athugasemdir og engar formlegar kvartanir hafa borist.

Mannauðsmál

Mönnun

Ekki er stuðst við viðurkennda staðla/viðmið í tengslum við mönnun á Blesastöðum. Alls eru 9 starfsmenn á heimilinu í 7,9 stöðugildum. Eins og áður hefur komið fram er forstöðumaður heimilisins sjúkraliði og er hún í fullu starfi. Hjúkrunarfræðingur er í 10% starfi, kemur 2svar sinnum í viku í 2 klukkustundir í senn, sinnir tilfallandi verkefnum og sér um skráningu RAI-mats. Annað starfsfólk heimilisins er ófaglært en með mikla starfsreynslu og hefur unnið á heimilinu í mörg ár. Allir starfsmenn heimilisins ganga í öll störf sem inna þarf að hendi hvort sem um er að ræða aðhlynningu íbúa eða eldhússtörf. Á morgunvöktum eru yfirleitt þrjú starfsmenn, tveir í umönnun og félagsstarfi og einn í eldhúsi. Tveir starfsmenn eru í húsinu á kvöldvöktum og einn á nóttunni. Forstöðumaður býr á staðnum og er haft samband við hana ef eitthvað kemur upp á. Þá er alltaf hægt að ná í lækni í síma ef þörf krefur.

Ráðningaferli/starfsleyfi

Starfsmenn sem hefja störf á Blesastöðum þurfa að framvísa gildu starfsleyfi ef um löggilta heilbrigðisstétt er að ræða. Allir starfsmenn undirrita þagnarskylduheit um leið og þeir skrifa undir starfssamning. Nýir starfsmenn fá upplýsingar og leiðsögn hjá reyndum starfsmanni.

Heildarstarfsmannavelta Blesastaða er að sögn forstöðumanns mjög lítil, árið 2012 var hún engin og veikindi eru lítil.

Boðið er upp á influensubólusetningu og starfsfólk hvatt til að láta bólusetja sig.

Starfsfólk heimilisins hefur aðgang að lækni heimilisins og reglulegum blóðþrýstings- og sykurmælingum, þá er heitur pottur fyrir utan húsið sem starfsmenn mega nota að vild.

Gæðamál og ýmsir faglegir þættir

Gæðahandbók er ekki fyrir hendi en ákveðnir gátlistar um ýmsa þætti umönnunar eru til og verið er að vinna enn frekar í þeim málum að sögn forstöðumanns. Skjalfest stefna varðandi gæði, starfsmannamál, lyfjamál og umhverfis- og öryggismál liggur ekki fyrir í heild sinni. En eins og fram kemur hér að framan þá er áhersla lögð á að skapa heimilislegt andrúmsloft og leitast við að sinna þörfum hvers og eins íbúa eftir því sem tök eru á.

Á öllum baðherbergjum hanga uppi ábendingar um gildi handþvottar í tengslum við smit og sýkingar en aðrar verklagsreglur varðandi sýkingavarnir eru ekki fyrir hendi. Ekki er vitað til að neinar sýkingar hafi komið upp á heimilinu síðustu árin.

Lyfjamál

Lyf íbúa eru skömmtuð frá SA-lyfjaskömmun. Lyf eru geymd í læstum skáp og hefur viðkomandi vaktstjóri aðgang að honum. Lyfjagjafir eru skráðar á lyfjablöð sem fylgja upplýsingum um íbúa. Lyfjafyrirmæli eru ávallt gefin af lækni og lyf ekki gefin án fyrirmæla, lyf sem gefin eru eftir þörfum eru skráð og ekki gefin nema í samráði við forstöðumann eða lækni ef um er að ræða önnur lyf en væg verkjalyf. Lyfjafræðingur er ekki starfandi við heimilið en samningur er við Lyf og heilsu og lyfjaþjónusta er útvistuð með samþykki Lyfjastofnunar. Ekki er fylgst með lyfjagæðavísunum sem Embætti landlæknis hefur mælt með en læknir heimilisins fer reglulega yfir lyfjanotkun íbúa.

Skráning

Hjúkrunarskráning er gerð fyrir þá íbúa sem eru í hjúkrunarrýmum og stutt samantekt er um hvern íbúa, þarfir hans og heilsufar. Einnig er dagbók þar sem skráðir eru dagálar fyrir hvern íbúa, en skráð eru atriði svo sem varðandi svefn, verki og ef eitthvað sérstakt er. Læknisfræðileg skráning er á ábyrgð læknis heimilisins og eru sjúkraskrár geymdar á rafrænu formi í Sögukerfinu í Laugarási.

Atvik/kvartanir

Skriflegar verklagsreglur varðandi atvikaskráningu eru ekki fyrir hendi. Ekki voru skráð nein alvarleg atvik á síðasta ári.

Ekki er til skrifleg verklagsregla hvað á að gera þegar heimilinu berst kvörtun vegna þjónustu eða samskipta en allar slíkar kvartanir eiga að berast til forstöðumanns. Ekki hafa borist kvartanir til heimilisins sem ekki hafa verið leystar þegar málin eru rædd.

Öryggismál

Íbúum og aðstandendum er gerð grein fyrir að heimilið tekur ekki ábyrgð á eignum íbúa og óskað er eftir því að íbúar séu hvorki með mikla peninga né verðmæti, svo sem dýra skartgrip.

Að sögn forstöðumanns leggur starfsfólk sig fram um að fylgjast með andlegri líðan og öryggi íbúa og þar sem íbúar eru fáir og nálægð mikil er hægara að fylgjast með líðan hvers og eins.

Brunavarnakerfi er í húsinu og skrifleg rýmingaráætlun fyrir heimilið hangir uppi við hliðina á brunavarnakerfi en ekki hafa verið reglulegar brunaæfingar. Reglulega er þó farið yfir með starfsfólki hvernig bregðast eigi við komi upp bruni á heimilinu og starfsmaður frá Brunavörnum Árnassýslu kemur einu sinni á ári og fer yfir brunavarnir.

Öryggisútbúnaður við umönnun er einungis notaður til að tryggja öryggi íbúa en ekki eru til eyðublöð fyrir upplýst samþykki ef notuð eru höft eða öryggisútbúnaður.

RAI mat

Hjúkrunarfræðingur og forstöðumaður bera sameiginlega ábyrgð á RAI skráningu en ekki er þó reglulega fylgst með niðurstöðum úr RAI mati. Gæðavísar eru 20 talsins og þegar skoðaðir eru gæðavísar frá síðasta matstímabili kemur í ljós að gæðavísar eru í lagi og innan viðmiðunarmarka.

Samantekt og tillögur til úrbóta

Mönnun

Embætti landlæknis mælir með því að starfshlutfall hjúkrunarfræðings verði aukið í 20% til þess að hægt sé að sinna líknandi meðferð og annarri flóknari hjúkrunarmeðferð á heimilinu.

Flutningur íbúa á heimilið

Verklag við inntöku íbúa á heimilið virðist í góðu lagi en huga mætti að því að afhenda íbúum og/eða aðstandendum skriflegar upplýsingar varðandi hjúkrun/umönnun og aðra þjónustu heimilisins.

Þjálfun/virkni og sálgæsla

Sjúkra- eða iðjuþjálfun er ekki til staðar á heimilinu en virkni og félagsstarf virðist vera ásættanlegt.

Fæði og mötuneyti

Í góðu lagi.

Húsnæði og aðstaða

Húsnæði Blesastaða er almennt í góðu lagi og vel við haldið. Embættið leggur áherslu á að sett verði hurð á herbergi sem núna er aðeins hægt að loka með tjaldi/gardínu eigi að nýta það áfram sem vistarveru fyrir íbúa heimilisins.

Öryggi og eftirlit

Þar sem heimilið er lítið og nálægð mikil telur Embætti landlæknis að öryggiskröfum sé fullnægt.

Gæðastarf

Gæðahandbók er ekki fyrir hendi en til eru verklagsreglur/gátlistar varðandi einhverja þætti hjúkrunar/umönnunar.

Atvik /kvartanir

Atvik eru ekki skráð í atvikaskrá.

Sjúkraskrár

Sjúkraskrár voru ekki á staðnum, eru geymdar í Laugarási. Embætti landlæknis telur æskilegt að afrit af þeim séu á til staðar á heimilinu.

Hjúkrunarskrár

Skráning er gerð fyrir þá íbúa sem eru í hjúkrunarrýmum.

RAI skráning

Æskilegt er að RAI niðurstöður verði nýttar í tengslum við umbótastarf og aðra skráningu.

Lyfjamál

Í góðu lagi. Lyfjafyrirmæli eru ávallt gefin af lækni og lyf ekki gefin án fyrirmæla nema. Lyfjaþjónusta Blesastaða er útvistuð með samþykki Lyfjastofnunar.

Almennt um hjúkrunarheimilið

Augljóst er að starfsfólk lætur sér annt um vellíðan og velferð íbúanna á Blesastöðum og heimilið hlýlegt og umhverfið fallett.

Embætti landlæknis þakkar fyrir góða samvinnu við gerð úttektarinnar og væntir þess að niðurstöður hennar nýtist í umbótastarfi.